



# Stöndum fyrir kerfisbreytingar

## Gylfi Ólafsson frambjóðandi Viðreisnar

Heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni hefur þurft að spila massívan varnarleik síðustu ár og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur ekki farið varhluta af því. Í sumar var greint frá því að erfiðlega gekk að greiða reikninga og læknar í verktöku fengu greitt seint og illa. Gylfi er menntaður heilsuhagfræðingur og í sumar sótti hann um forstjórstöðu Heilbrigðisstofnunarinnar, umsókn sem hann dró til baka þegar lá fyrir að hann yrði í framboði fyrir Viðreisn. Gylfi segir það verkefni stjórnámálanna að tryggja að heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni sé viðunandi.

– sjá bls. 6–7



### Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 29. september 2016 · 36. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Svalvogaviti.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Jólasúkkulaði í bígerð hjá Sætt og salt



Mikið hefur verið að gera á súkkulaðiverkstæði Elsu G. Borgarsdóttur í Súðavík, þar sem hún framleiðir dýrindis súkkulaði undir merkjum Sætt og salt. Í haust bauð hún í fyrsta sinn upp á árstíðabundna vöru er hvítt súkkulaði með ferskum aðalbláberjum og saltflögum kom á markað í tengslum við Bláberjadaga í Súðavík. Viðtökurnar fóru fram úr villtustu vonum og segist Elsa ekki hafa haft undan við að tína ber og búa til súkkulaði og segir hún vöruna hér eftir verða fastan lið í berjatíðinni.

Prátt fyrir að haustvertíðin sé rétt um garð gengin, þá er Elsa komin á fullt flug með næstu afurð, sem verður einnig árstíðabundin vara – jólasúkkulaði. Hún er búin að prófa sig áfram síðustu vikur og hefur fundið hið fullkomna bragð; hvítt súkkulaði með þurrkuðum kanileplum og trönuberjum, yfir botninn er svo sáldrað saltflögum og kanil. Súkkulaðið er væntanlegt á markað í lok októbermánaðar, verður það í sérstökum jólaumbúðum hönnuðum af Lindu Þuríði Helgadóttur, fullkomið til að narta í á aðventunni eða setja í jólapakkann.

Elsa segir stefnuna setta á að vera með sérstök súkkulaði flestar árstíðir og á nýju ári bætist páska-súkkulaði í flóruna. Árstíðabundna varan er viðbót við þrjár ljúffengar tegundir sem í boði eru allan ársins hring sem eru: með bláberjum og smjörkrókant, gojaberjum og graskersfræjum og graskers-og

sesamfræjum með flögusalti frá Saltverki í Reykjanesi. Þær tegundir hafa til að mynda verið seldar sérinnpakkaðar í Skóbúðinni á Ísafirði, þar sem þeim fylgja sögur af svæðinu og hefur sú vara verið vinsæll varningur hjá ferðafólki. *annska@bb.is*



Blómlegt Sætt og salt súkkulaði. Mynd: Þorsteinn Haukur Þorsteinsson.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi  
**Matthías Zóphanías Kristinn Kristinsson**

skólastjóri frá Ísafirði

lést á líknardeild Landspítalans 16. september.  
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Aðstandendur vilja koma á framfæri innilegum þökkum til hjúkrunarþjónustunnar Karitas og starfsfólki Landspítalans.

Björk Gunnarsdóttir

Dagrún Matthíasdóttir Kristján Örn Helgason  
Guðný Matthíasdóttir Jakob Pálsson  
Steinunn Matthíasdóttir Karl Ingi Karlsson  
Gunnar Júl Matthíasson  
og barnabörn



Elsa segir stefnuna setta á að vera með sérstök súkkulaði



Andrea Harðardóttir

– Sjónarmið –

## Um hvað á ég að skrifa

Satt best að segja hef ég ekki hugmynd um hvað ég á að festa á blað að þessu sinni eða fjalla um. Það hljómar e.t.v. ein-kennilega þar sem af nógu er að taka þessa dagana. Kosningar í vændum og kosningaloforðin streyma fram eins og lækur í vorleysingum. Nú á að hugsa um alla, öryrkja, ellilífeyrisþega og þá sem minna mega sín. Svo gleymast þessir hópar um leið og ný ríkisstjórn verður mynduð, þannig er formúlan. Að vísu rifjast upp fyrir ýmsum að þessir hópar séu til, þegar talið berst að því að hjálpa flóttamönnum. Þá allt í einu er gott að skammast yfir því hvað þessir hópar eru vanræktir af samfélaginu. Svo um leið og umræðan lofnast út af og allir gleyma flóttamönnum, þá gleymast fyrrgreindir hópar líka.

Skýrslan eða ekki skýrslan hennar Vigdísar Hauks og kannski Guðlaugs Þórs og meirihluta fjárlaganefndar, en samt ekki, er kafla út af fyrir sig. Eigum við að ræða inni-

haldið eða umgjörðina? Þegar þessi orð eru fest á blað er enn ekki ljóst, hvað verður ofan á. Um búvörusamninginn ætla ég ekki að tjá mig því ég skil hann ekki. Mér er sagt að hann komi illa við sauðfjárbændur þó svo að Gunnar Bragi haldi öðru fram. Ég hætti mér ekki út á það jarðsprengjusvæði að fjalla um Sigmund Davíð, hans afrek eða ekki afrek. Og nú ætla Sigurður Ingi að skora hann á hólmi, eftir að hafa lofað eða ekki lofað að fara ekki gegn honum. Vona að ég móðgi engan framsóknarmanninn með því að segja að mér finnst eðlilegt í lýðræðissamfélagi að fólk bjóði sig fram ef það telur sig hafa eitthvað fram að færa. Þetta á vísit að snúast um málefni og flokkinn en ekki einstaklingana. Eða er ég kannski að misskilja eitthvað?

Kvennafæðin í efstu sætum framboðslista nokkurra flokka er stórfurðuleg og þarfnast skoðunar. Yfirlýsingar formanna flokka og upphróparnir um að svona sé lýðræðið og það þýði ekkert að fara í fylgu vegna þessa

eru ekki ásættanlegar. Við eigum að vera í fylgu og kryfja málin því niðurstaðan opinberar það sem margir vita en færri vilja horfast í augu við, en það er, að jafnréttið í íslensku samfélagi er meira í orði en á borði.

Stelpurnar okkar brilleruðu í fótboltanum, efstar í sínum riðli og komnar á EM. Ef viðbrögðin vegna árangurs þeirra væru þau sömu og hjá strákunum hefði samfélagið átt að fara á hliðina af hamslausri gleði en svo varð ekki raunin. Samt er þetta í þriðja skiptið sem stelpurnar tekst að ná þessu marki, þælið í því.

Ekki skortir umræðuefnið þegar titið er til atburða á erlendum vettvangi, t.d. Donald Trump og stórfurðuleg heimssýn hans og stuðningsmannanna. Þar er á ferðinni söfnuður sem nær stöðugt að trompa sjálfan sig og lifir í einhverjum veruleika sem þarf mannfræðing til að útskýra, ef það er þá hægt. Ekki taka orð mín svo að Hillary Clinton eigi frekar upp á pallborðið hjá mér, því fer fjarri. Skilnaður Brads Pitt og Angelinu Jolie er vatn á myllu

slúðurpressunnar og við þurfum sko ekki að horfa á sápuóperurnar í sjónvarpinu til að fá tækifæri til velta okkur upp úr dramatískum fjölskyldumálum. Verst að fréttirnar af því að Brad Pitt hafi hugsanlega öskrað dauðadrukkin á son sinn, skyggja á fréttirnar af helvítinu sem fólk í borginni Aleppo í Sýrlandi býr við. Það er meira spennandi að fá að vita hvort fær forræðið yfir börnunum, Jolie eða Pitt en að sjá myndir af skjálfandi smábörnum í taugaáfalli í Aleppo eða myndir af limlestum líkum þeirra. Við viljum heldur ekkert vita af því hverjir bera ábyrgð á þessum átökum né að þau snúist um valdabaráttu stórveldanna og olíuhagsmuni. Því að Vesturlönd þurfa á olíunni að halda svo að hagkerfin þeirra haldist gangandi og samfélögin geti haldið uppi velmegunarlífstíli. Ekki gefum við hann eftir, er það? Nei, líklega ekki og þá er bara best að líta undan.

Uppgangur öfgaflokka, sem byggja á þjóðernishyggju er eitt þeirra mála sem vekja ugg og satt

best að segja trúði ég því lengi vel að slíkt heyrði fortíðinni til. Mér finnst óhuggulegt að sjá og heyra, hvað orðræðan er lík því sem hún var í Þýskalandi Hitlers og meðal fasista í ýmsum ríkjum Evrópu á fyrri hluta 20. aldar. Þessi orðræða heyrir líka hér á landi. Mig setur stundum hljóða þegar ég kík á blogg-síður íslenskra aðila, síður sem eru öllum aðgengilegar, m.a. á mbl.is. Hvað fær fólk til að hugsa svona um náungann? Ofstækið, heiftin, vanþekkingin, óttinn og mannfyrirlitningin eru ótrúleg. Það daga engin rök þegar þessi viðhorf eru annars vegar. Margir þeirra sem tjá sig á þessum nótum telja sig lýðræðissinna, málsvara kristilegra gilda og frelsis. Þið verðið að fyrirgefa en ég kem þessu einfaldlega ekki heim og saman.

Mér liggur margt á hjarta og ekki skortir viðfangsefni. Vandinn er að þurfa að velja. Um hvað á ég eiginlega að skrifa?

Andrea Sigrún Harðardóttir



GÚSTI

192 þjóðbúningar í Bæjarbrekkunni í sumar. Mynd: Ágúst Atlason.

# Fjölbreytt námskeið hjá Þjóðbúningafélaginu

Þjóðbúningafélag Vestfjarða hefur sannarlega látið að sér kveða síðan það var stofnað árið 2007. Saumsporin eru óteljandi og hafa verið gerðir hátt í 200 búningar á þessum árum, sem marga hverja mátti sjá í Bæjarbrekkunni er 150 ára kaupstaðarafmæli Ísafjarðar var fagnað í sumar. Þá var tekin söguleg ljósmynd er 192 manneskjur mættu til myndatöku íklæddar íslenskum þjóðbúningum. Þjóðbúningafélagið hefur nú hug á að

liðsinna fleirum við að láta draum um þjóðbúning rætast og býður upp á fjölbreytt námskeið í vetur ef næg þátttaka næst.

Á haustönn verða tvö námskeið, annað þar sem gerðir verða barnabúningar, þá 19. eða 20. aldar upphlutur eða drengjubúningur. Á hinu námskeiðinu verða kennd svuntu- og skyrtugerð. Kennarar eru þær; Anna Jakobína Hinriksdóttir og Soffía Þóra Einarsdóttir. Skráning á haustnámskeið er hjá Friðgerði Ómarsdóttur fgo@

simnet.is fyrir 1. október 2016.

Á vorönn verða aftur tvö námskeið og nefnist annað þeirra Þjóðbúningur kvenna. Þar geta þátttakendur valið að gera upp-

hlut (upphlutur, pils, skyrta, belti og svunta) eða peysuföt (treyja, pils og svunta). Hitt námskeiðið verður svo í undirpilsagerð. Áhugi er fyrir að fá kennara að sunnan

næsta vetur til að halda námskeið í gerð herrabúninga, áhugasamir fyrir slíku mega gjarnan seta sig í samband við Friðgerði.

amnska@bb.is

## Gerir athugasemd við úrehtar tölur

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar gerir athugasemd við að gamlar og úrehtar tölur um fjölda skemmtiferðaskipa séu notaðar í drögum að matsáætlan Arnarlax fyrir 10.000 tonna laxeldi í Ísafjarðardjúpi. Í matsáætluninni er vísað í tölur frá 2009 þegar 29 skemmtiferðaskip komu til Ísafjarðar. Þeim hefur fjölgað verulega á síðustu árum og í sumar komu 83 skemmtiferðaskip inn á Skutulsfjörð, líkt og bæjarráð bendir á í umsögn sinni.

Í umsögn bæjarráð er farið fram á að útliti fóðurpramma



MSC Poesia við akkeri í Skutulsfirði

verði lýst betur sem og hávaða og áhrifum af þeim, áhrifum lýsingar og sjónrænnar mengunar

hennar og hávaða frá ljósa-vélum og mengun frá þeim. smari@bb.is

## Útflutningsverðmæti lækkar milli ára

Útflutningur sjávarafurða nam 138,5 milljörðum króna fyrstu sjö mánuði ársins. Það er nokkur samdráttur frá því á sama tímabili í fyrra þegar hann nam 160,4 milljörðum króna. Alls nemur samdrátturinn 13,6% eða 22 milljörðum króna. Frá þessu er greint í Hagsjá Landsbankans.

Þróunin skýrist fyrst og fremst af breytingum á gengi krónunnar. Í Hagsjónni er bent á að krónan hafi verið að styrkjast síðustu misseri og var gengisvísitala krónunnar að meðaltali 188 stig fyrstu sjö mánuði ársins borið saman við 205 stig á sama tímabili í fyrra. smari@bb.is



**Útgefandi:** Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndis Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmaður:** Bryndis Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

### Er heimanámið gott eða vont?

Þeir sem hafa alið upp fleiri en eitt barn vita að börn eru afar ólík. Sum eru fljót að ná því sem sagt er og vinna verkefni, meðan önnur eru lengi að koma sér að verki, truflast auðveldlega og þurfa meiri leiðbeiningar. Flest börn eiga það þó sameiginlegt að þeim finnst gott að fá athygli og klapp á bakið geri þau vel og hvatningarorð þegar illa gengur. Það getur líka skipt sköpum að barnið hafi tækifæri til að spyrja spurninga um það sem á að gera, líka þeirra spurninga sem opinbera vankunnáttu og skilningsleysi, „vitlausu spurninganna“.

Heimanám getur verið tæki til að gefa börnum klapp á bakið og svör við spurningum. Við getum varla ætlast til að einn kennari komist yfir að fylgjast svo vel með hverjum nemandanum að hann finni hvenær er þörf á að hrósa, hvetja eða hjálpa. Heima getum við skoðað það sem barnið gerir og þannig tengt það því sem er að gerast í lífi barnsins. Landafraði Íslands er léttari ef hægt er að tengja hana ferðum fjölskyldunnar, margföldunartöfluna má æfa í bílnum, stafrófið lærist best með því að syngja vísuna og ný orð læra börn af því að lesa texta með einhverjum sem getur útskýrt um leið og lesið er.

Þegar foreldrar vita hvað börnin eru að fást við geta þeir fundið margt á netinu sem hjálpar: Stafakarlarnir eru góð leið til að læra stafina, náms.is, Betra nám, Skólavefurinn og Stoðkennarinn eru með kennslu og verkefni, mörg þeirra gagnvirk. Fyrir þá sem vilja aðstoð við stærðfræðina er Rasmus.is algjör snilld en þar en kennt flest af því sem nemendur læra í stærðfræði á unglingsstigi. Kennslan er myndræn og hægt að endurtaka eins oft og þarf. Flestar orðabækur sem nemendur þurfa á að halda eru nú á einum vef Snara.is þar sem má fletta upp orðum á svipstundu í tölvu eða síma og svo má ekki gleyma youtube og google.

Viðhorf foreldra til náms og skólustarfs skiptir miklu máli fyrir barnið og velgengi þess í námi og líðan í skólanum almennt. Viðhorf foreldra til heimanámsins hefur á sama hátt mikil áhrif á hvernig það nýtist nemendanum. Spurningin sem eftir stendur er: Tekst foreldrum að gera heimanámið gott eða vont?

LM

## Spurning vikunnar

Hefur þú lesið skýrslu Vigdísar Hauksdóttur?

Alls svöruðu 280  
 Já, sögðu 15 eða 5%  
 Nei, sögðu 214 eða 77%  
 Nei, ekki ennþá, sögðu 43 eða 15%  
 Já, að hluta, sögðu 8 eða 3%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Skjáskot úr stuttmyndinni Litla stund hjá Hansa

# Eyþór sýnir á RIFF

Flateyringurinn Eyþór Jónsson frumsýnir nýjstu afurð sína, stuttmyndina *Litla stund hjá Hansa*, á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni RIFF sem hefst í Reykjavík þann 29. september. Eyþór er bæði leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, sem er byggð á smásögu Þórarins Eldjárn. Það er annar Vestfirðingur, Tálknfirðingurinn Ársæll Níelsson sem framleiðir myndina ásamt Marzibil Sæmundardóttur og Svövu Lóu Stefánsdóttur en þau standa á bakvið framleiðslufyrirtækið arCus films og er Ársæll jafnframt aðstoðarleikstjóri myndarinnar. Þeir fóstbræður

hafa verið öflugir saman, en í sumar stóðu þeir að Gamanmyndahátíð Flateyrar, sem þótti takast með eindæmum vel.

Í umfjöllun um myndina segir: Litla stund hjá Hansa er gamansöm mynd með stórt hjarta og mikla baksögu. Hún er byggð á smásögu eftir Þórarinn Eldjárn, sem kom út í bókinni Margsaga árið 1985. Þrátt fyrir að vera rúmlega 30 ára gömul á þessi saga enn jafn vel við í dag og hún gerði þá. Eins og segir í sögunni „Af því að nútíminn er alls ekki eins frjálslundur og hann heldur. Nei nútíminn er fyrst og fremst montinn.“ Með aðalhlutverk fer Sveinn

Ólafur Gunnarsson en hann er einn af okkar fremstu leikurum í dag. Hann hlaut meðal annars tilnefningu til Eddunnar fyrir leik sinn í myndinni Á annan veg. Önnur hlutverk fara þau Elísabet Thea Kristjánsdóttir, Helgi Björnsson, Anna Halfrósardóttir en auk þess kemur Már Guðmundsson seðlabankastjóri fram og leikur sjálfan sig.


Litla stund hjá Hansa verður sýnd í Bíó Paradís, 1. október kl. 18:15 og 3. október kl. 13:45, Eyþór, ásamt öðrum stuttmyndaleikstjörum, verður viðstaddur báðar sýningar til að svara spurningum áhorfenda.

annska@bb.is

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hafin

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla erlendis vegna alþingiskosninga hófst 29. október 2016 og fer fram í öllum sendiráðum Íslands erlendis, aðalræðisskrifstofum Íslands í New York, Winnipeg, Nuuk og Þórshöfn í Færeyjum. Einnig er unnt að kjósa utan kjörfundar eftir samkomulagi hjá kjöræðismönnum Íslands erlendis.

Væntanlegum kjósendum er vinsamlegast bent á að hafa samband við ræðismenn áður en þeir koma til að kjósa. Gert er ráð fyrir að kjósendur kynni sér sjálfir hverjir eru í framboði og hvaða listabókstafir eru notaðir. Hagnýtar upplýsingar um kosningarnar verður að finna á vefsetrinu www.kosning.is.



Athygli kjósenda er enn fremur vakin á því, að þeim ber sjálfum að pósthleggia atkvæði

sín eða koma þeim á annan hátt í tæka tíð til viðkomandi kjörstjórnar á Íslandi.



# Húsasmiðjan opnar nýja verslun í vor

Húsasmiðjan opnar nýja verslun á Ísafirði vorið 2017 og hefur undirritað samning við Vestfirsku verktaka um byggingu hins nýja húsnæðis við Æðartanga á Ísafirði. Nýja verslunin verður rúm 1.100 fermetrar og mun sameina starfsemi Húsasmiðjunnar á Ísafirði á einn stað en í dag eru verslunin og timbursalan aðskilin. „Það er okkur hjá Húsasmiðjunni ánægjuefni að geta opnað nýja verslun á Ísafirði á næsta ári en með henni munum við bjóða Vestfirðingum enn betri þjónustu og meira vöruúrval og þannig taka virkan þátt í uppbyggingu á svæðinu. Þessi fjárfesting undirstríkar stefnu Húsasmiðjunnar um að veita góða þjónustu á landsbyggðinni þar sem rekstrargrundvöllur er til slíks,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar. Í nýju



**Garðar Sigurgeirsson og Sveinn Ingi Guðbjörnsson frá Vestfirskum verktökum ásamt Árni Stefánssyni forstjóra Húsasmiðjunnar við undirritun samnings um nýtt húsnæði Húsasmiðjunnar á Ísafirði**

Húsasmiðjuversluninni verður jafnframt verslun Blómavals og glæsileg timbursala.

Í fréttatilkynningu segir að markmið Húsasmiðjunnar sé að

bjóða upp á enn betri þjónustu og vöruúrval og styðja þannig við uppbyggingu á svæðinu, en núverandi Húsasmiðjuverslun opnaði á Ísafirði árið 2001.

## Bolvísk sandlóa sást í Frakklandi

Ófleygur sandlóuungi sem var merktur í Hlíðardal í Bolungarvík árið 2007 og síðan litmerktur tveimur árum seinna í hreiðri við Hanhól í Syðridal sást og var myndaður í Frakklandi við hafnarvæðið í Saint-Guenole 12. september síðastliðinn. Fuglinn sem er kvenfugl hefur sést í Bolungarvík öll sumur fram til 2015. Vitað er til þess að klak hafi heppnast a.m.k. fimm sumur af þeim sjö sem fuglinn hefur sést.

Árið 2004 hófst rannsóknarverkefni á sandlóum á Suðurlandi og Vestfjörðum, en rann-



**Hin litmerкта sandlóa í Frakklandi.**

sóknin var meistaraverkefni Böðvars Þórissonar, fyrrverandi starfsmanna Náttúrustofu Vestfjarða.

Í rannsókninni var lýðfræði sandlóu könnuð, t.d. varp-

vistfræði og farhættir. Fullorðnar sandlóur voru fangaðar á hreiðri og þær litmerktar með lituðum plasthringjum á fótum, en ófleygir ungar fengu stálmerki.

# Uppáhaldslög einstaks tónlistarmanns



Vilberg Vilbergsson oftast kallaður Villi Valli er það sem kallast mætti krúnudjásni í vestfirsku tónlistarlífi og sennilega víðar. Villi Valli hefur staðið tónlistarvaktina linnulítið í rúm 70 ár. Matthías MD Hemstock slagverksleikari hefur leikið með Villa í hljómsveit af og til í nokkur ár og hefur lengi haft áhuga á að setja saman sveit til að leika með honum tónlist sem mótaði hann – sem kannski má kalla uppáhaldslög Villa Valla.

„Ég kynnist Villa í Saltfisksveitinni sem spilar í saltfiskveislunum í Neðstakaupstað. Af því að Villi er í svo góðu formi þá skaut ég þessari hugmynd að Jóni Sigurpálsyni og nú er þetta að verða að veruleika,“ segir Matthías um tónleikana sem verða haldnir í Edinborgarhúsinu þann 5. nóvember.

„Villi er einstakur tónlistarmaður“, svarar Matthías aðspurður. „Hann er með einstakan hljóm og er einn af þeim spilurum sem maður myndi þekkja í útvarpinu ókynntan, sem er oft notað sem mælikvarði á einstaka tónlistarmann. Hann er með einhvern hljóm í harmónikunni sem er alveg hans og ég hef ekki heyrt annars staðar. Það eru ekki margir harmónikuleikarar sem hafa það,“ segir Matthías.

Villi Valli hóf sinn feril á dansböllum 11 ára gamall á Flateyri. Hann var í forsvari fyrir fjölda hljómsveita á Ísafirði og er enn að, kominn hátt á níraðisaldur. Eftir hann liggja nokkrir hljómdiskar með eigin efni sem náð hafa töluverðri útbreiðslu og nýtur hann virðingar um allt land fyrir sitt listframlag. Villi Valli er heiðurslistamaður Ísafjarðar.

Matthías hefur sett saman kvartett til að leika með Villa á tónleikunum í Edinborg og er valinn maður í hverju rúmi. Matthías sjálfur verður á trommum og auk hans þeir Eyþór Gunnarsson píanóleikari, Andri Ólafsson á kontrabassa og gítarleikarinn Eðvarð Lárússon.

Matthías hefur um árabíl verið einn helsti trymbill í íslensku djass-senunni. Þegar hann er beðinn um að lýsa tónlistarmanninum Villa Valla segir hann að Villi spili af eldmóði og sé gríðarlega lifandi tónlistarmaður. „Það er einnig mjög þægilegt að spila með honum, hann er góður hljómsveitaspilari. Hann kemur mér á óvart í hvert skipti sem ég spila með honum, ég heyrir alltaf eitthvað nýtt. Þó menn hafi verið að spila lengi eins og Villi þá þarf það ekkert endilega að þýða að þeir verði betri og betri, en betur finnst Villi hljóma betur og betur með hverju árinu,“ segir Matthías.

# Stöndum fyrir kerfisbreytingar

Gylfi Ólafsson  
frambjóðandi Viðreisnar



Í þingkosningunum eftir rétt liðlega fjórar vikur stefnir í að tólf flokkar verði í kjöri og hafa þeir aldrei verið fleiri. Af nýjum framboðum hefur mest borið á Viðreisn, en flokkurinn var stofnaður fyrir á árinu. Í oddvitasæti í Norðvesturkjördæmi er Ísfirðingurinn Gylfi Ólafsson. Hann er fæddur árið 1983 í Reykjavík og fluttist til Ísafjarðar á barnsaldri. Hann er sonur hóteltjóranna Áslaugar Alfredsóttur og Ólafs Arnar Ólafssonar, sem ráku Hótel Ísa-fjörð um áratugaskeið.

Gylfi varð stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði og lauk kennaraprófi frá Háskólanum á Akureyri. Kennslan átti ekki eftir að verða hans fag, en hann hélt til Svíþjóðar í hagfræðinám og lauk meistaraþrófi í heilshagfræði frá Stokkhólmsháskóla 2010. Hann leggur stund á doktorsnám við Karolinska Institutet í Stokkhólmi ásamt því að sinna stundakennslu við Háskóla Íslands og heilshagfræðiráðgjöf hjá eigin fyrirtæki, Íslenskri heilshagfræði ehf. Þá er hann annar stofnenda Víá, sem unnið hefur að tilraunaræktun á skordýrum í Bolungarvík. Hann er kvæntur Tinnu Ólafsdóttur frá Flateyri og eiga þau eina dóttur.

Það er ekki á hverjum degi sem ungur Ísfirðingur sest í oddvitasæti hjá stjórnmalaflokki sem mælist vel í skoðanakönnunum og gæti breytt hinu pólitíska

landslagi á hægri vængnum um ókomna tíð. Gylfi settist niður með blaðamanni BB og ræddi sína sýn og Viðreisnar á helstu álitamál samtímans. Flokknum hefur verið gefið það að sök að vera með óljósa stefnu og því er ekki úr vegi að spyrja: Í sem stystu máli, af hverju ætti fólk að kjósa Viðreisn?

„Viðreisn er flokkur sem er óhræddur við að standa fyrir kerfisbreytingum á nokkrum kerfum íslensks samfélags. Ég nefni hófsamar breytingar í sjávarútvegsmálum, kerfisbreytingar í landbúnaði og jafnframt að gefa þjóðinni kost á að kjósa um áframhaldandi aðildarviðræður að Evrópusambandinu,“ segir Gylfi.

## Markaðurinn ákvarði veidigjald

Sé stefna Viðreisnar í sjávarútvegsmálum niðursoðin gengur hún út á árlega innköllun og endurúthlutun aflaheimilda og er stefnt á að innköllunin nemi 5–8 prósentum af heildarúthlutun hvers árs. Innkallaður kvóti verður svo seldur á uppboðum ríkisins. Gylfi telur þetta vera betri leið til að ákvarða auðlindagjald sjávarútvegsins heldur en þá sem nú er í gildi þar sem stjórnmalmenn eru með fingurna í gjaldinu.

„Það sem gerist er að þeir útgerðarmenn sem vilja halda óskertum aflaheimildum bæta

sér upp innköllunina með því að kaupa kvóta fram í tímann á markaðsverði. Núverandi veidigjald yrði jafnframt lagt niður. Stærðfræðilega er það jafngilt því að borga ársleigu fyrir alla úthlutunina. Með þessari leið er markaðurinn notaður til að finna sanngjarnt veidigjald.“

Gylfi segir stefnu Viðreisnar í sjávarútvegsmálum vera um margt ólíka þeirri sem Samfylkingin hefur boðað og er oftast kölluð fyrningarleiðin.

„Þar er gert ráð fyrir að kvótinn fyrnist allur á 20 árum í jafnstórum skrefum. Við leggjum til hlutfallslega innköllun. Fyrir útgerðarmann sem tekur ekki þátt í uppboðum og bætir sér ekki upp innköllunina, þá dragast aflaheimildirnar mest saman fyrst og í raun eru aflaheimildirnar aldrei innkallaðar til fulls, en með tímanum verður mjög lítið eftir. Endurúthlutunin er svo ólík, Samfylkingin gerði ráð fyrir að leigja kvótann til fimm ára í senn en við gerum ráð fyrir að selja kvótann til eilífðarnóts með fyrirvara um þessa 5–8% fyrningu.“

Viðreisn ætlar ekki að beita sér fyrir öðrum breytingum á stjórn fiskveiða. Að sögn Gylfa yrði áfram ákvæði til að sporna gegn samþjöppun, svokallað kvótapak. Framsal verður áfram heimilt og áfram verða tvö kvótakerfi, oft kölluð litla og stóra kerfið. Gylfi segir að innan Viðreisnar

hafi ekki verið áformaðar neinar stefnubreytingar á strandveiðum.

„Kvótakerfið mun áfram hafa þann hvata að veiða og vinna fisk með sem hagkvæmustum hætti. Breytingarnar snúa að því að greitt verði sanngjarnt gjald fyrir aðgang að auðlindinni og við teljum best að gjaldið sé ákveðið á markaði.“

## Veidigjald renni í innviðasjóði

Viðreisn boðar að veidigjaldið verði sett í sérstaka innviðasjóði sem verða eynamerktir hverjum landshluta. Fjármagn úr sjóðunum verður notað til að styðja við uppbyggingu á þeim svæðum þar sem fiskurinn er veiddur og unninn í dag.

„Þannig teljum við að hægt sé að koma til móts við þær raddir – og eru að nokkru leyti réttmætar – sem segja að veidigjald sé hlutfallslega nokkuð mikill landsbyggðaskattur. Þessi innviðasjóður mætir því og ég tel einsýnt að fjármagn úr honum getur stuðlað að verulega góðum verkefnum sem annars kæmust ekki á koppinn.“

## Nánari tengsl bænda og neytenda

Á meðan umræða um sjávarútveginn snýst um hversu mikið greinin á að borga til samneyslunnar, þá er ólíku saman að jafna um landbúnaðarkerfið þar sem greiðslurnar fara úr hinum

sameiginlegu sjóðum til landbúnaðarins og sitt sýnist hverjum líkt og hatrammar umræður um nýsamþykktan búvörusamning bera vitni um. Gylfi segir að Viðreisn sjái fyrir sér að umblyta landbúnaðarkerfinu án þess þó að ríkið hætti að niðurgreiða landbúnaðinn.

„Stærsta vandamálið sem við sjáum við landbúnaðarkerfið er að það er búið að klippa á tengingu milli framboðs og eftirsagnar með því að búa til ýmsar niðurgreiðslur, milliliði og flókið regluverk með kvótum og svo framvegis. Við teljum mikilvægt að skilgreina markmið með kerfinu og búa til kerfi sem reynir að uppfylla þau markmið.“

Markmiðin geta verið margs konar að sögn Gylfa og hann tekur fram að Viðreisn er ekki andsnúin því að markmið landbúnaðarkerfisins geta verið að tryggja búsetu í hinum dreifðu byggðum um allt land.

„Þá er jafnvel heillavænlegast að niðurgreiða búsetu á ákveðnum svæðum. Bændur geta þá gert það sem markaðurinn hefur mestan áhuga á. Sem getur verið hefðbundinn landbúnaður, ferðaþjónusta, nýstárlegur landbúnaður, smávirkanir sem eru mjög erfiðar í regluverkinu í dag. Lykilatriðið er að bændur verði í betri tengingu við þarfir neytenda. Með þessu fá bændur að njóta betur ávaxta erfiðis síns en raunin er í dag og neytendur

fá þá vöru sem þeir kalla eftir.“  
Gylfi gengst við því að stefnan í landbúnaðarmálum feli í sér aukna markaðsvæðingu, en bendir á, að Evrópusambandið er hætt með framleiðslustyrki og noti mest búsetustyrki og styrki til að halda ákveðnum landsvæðum í rékt og Viðreisn telur að margt sé hægt að læra af reynslu sambandsins.

#### **Evrans fýsilegasti kosturinn**

– Þú nefndir að þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhaldandi aðildarviðræður eru eitt af þeim málum sem Viðreisn setur á oddinn. Hver er stefna flokksins, vill hann ganga í ESB eða er mikilvægara að klára ferlið?

„Innan Viðreisnar eru ekkert sérlega margir stækir andstæðingar ESB-aðildar. Innan flokksins er kjarni sem er mjög mikið áhugafólk um Evrópusambandið. Stór hluti flokksins er svo áhugafólk um vestræna samvinnu og forvitnið og áhugasamt um meira samstarf við Evrópusambandið. Við teljum að fyrsta skrefið væri að veita þjóðinni tækifæri til að kjósa um áframhaldandi aðildarviðræður og það yrði gert á næsta kjörtímabili. Fari það svo að þjóðin vilji halda áfram viðræðum, þá yrði sá samningur settur í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Gylfi segir að mörg af stefnumálum Viðreisnar gangi út frá því að í Evrópusambandinu eru langtímalausnir á stórum málum, eins og til dæmis gjaldmiðlamálum og vaxtamálum. Hann tekur þó fram, að ef að þjóðin hafnar ESB-aðild, þá þurfi að setjast aftur að teikniborðinu og finna nýjar lausnir á þessum þjóðþrifa-málum sem hafa verið þrætuepli stjórnmálanna um langt árabil.

„Ég tel að upptaka evru sé fýsilegasti kostur Íslendinga í gjaldmiðlamálum. Þar er myntráð. Það að festa gengi krónunnar við gengi evru er framkvæmanlegur og skynsamlegur millileikur. Núna er gjaldmiðillinn okkar í vari, verðbólgan er lág, olíuverð lágt. Ég ætla ekki að ganga svo langt að segja að þetta sé svikalogn, en ef við lítum til 10–20 ára þá er ljóst að þessi staða er ekki komin til að vera. Kraftarnir sem verka á Ísland eru svo stórir að þeir geta haft djúpstæð áhrif á stöðu krónunnar og það getur reynst okkur erfitt að sporna við þessum kröftum eins og við þekkjum.“

#### **Byggðaröskun eða byggðaþroskun?**

– Þú ert að bjóða þig fram í miklu dreifbýliskjördæmi og innan þess eru svæði sem hafa verið hvað útsettust fyrir neikvæðri byggðaþróun, landshlutar eins og Vestfirðir og Norðurland vestra. Hvaða „lausn“ býður Viðreisn kjósendum þessara svæða?

„Ég er búinn að nefna innviða-

sjóðinn sem er öflugt tæki til að takast á við þessar breytingar. Við teljum að það sé ekki hlutverk ríkisins að ákveða hvaða atvinnugreinar séu í rekstri og hvar á landinu heldur er mikilvægast að fyrir hendi séu styrkir innviðir og samgöngur sem geta tekist á við þá atvinnuuppbyggingu sem hentar á hverju svæði. Þær samfélagsbreytingar sem Ísland gengur í gegnum, með því sem hefur verið kallað byggðaröskun, mætti allt eins kalla byggðaþroskun. Þetta hefur gerst um allan heim með svipuðum hætti, fólk flyst úr sveit í borg. Á sama tíma hefur tæknivæðing orðið til þess að störfum fækkar í atvinnugreinum sem eru hlutfallslega mikilvægar á landsbyggðinni. Höfuðborgarsvæðið hefur orðið minna fyrir barðinu á þessari tæknivæðingu enn sem komið er þar sem þar er meira um skrifstofustörf. Það er mikilvægt að yfirvöld tryggja búsetu sem viðast á landinu og passi upp á að fólk lendi ekki í átthagafjötrum.“

#### **Fiskeldið mikil lyftistöng**

Fiskeldismál hafa verið mikið í umræðunni síðustu misseri enda sjá Vestfirðingar möguleika á því að snúa við dapurri byggðaþróun síðustu áratuga og dæmin frá Suðurfjörðunum sýna hvað fiskeldið getur verið mikil innspýting fyrir atvinnulífið. Fiskeldi, og þá sér í lagi sjókvíaelði á laxi, er síður en svo óumdeilt og ljóst að það getur falið í sér umhverfisáhættu. Því er ekki úr vegi að spyrja Vestfirðinginn og þingmannsefni Viðreisnar hver hans skoðun sé á atvinnugreininni og þeim risaáformum sem laxeldisfyrirtækin hafa kunngjört.

„Ég er mjög ánægður með þessa uppbyggingu og þá lyftistöng sem laxeldið hefur verið á Suðurfjörðunum og ég vona svo sannarlega að svo verði einnig við Djúp. Það sem lýtur að Alþingi er einkum tvennt; annars vegar að lagaramminn hefur verið óljós og þá sér í lagi hvað varðar skipulagsvald sveitarfélaga sem nær ekki út fyrir netlög og það má gjarnan endurskoða það. Hinn þátturinn er að við hjá Viðreisn teljum að auðlindagjöld séu mjög hagfelld leið til að afla ríkinu tekna. Það hlýtur að þurfa að skoða með hvaða hætti þær auðlindir sem felast í nýtingu svæða undir fiskeldi verði skattlagðar.“

Þessi núningur varðandi laxeldið er tvíþættur, það eru slysa-sleppingar og hættan á erfða-blöndun við villta stofna og hins vegar sjónræn áhrif á náttúruperlur. Sjónræni þátturinn er eitthvað sem heimamenn verða að koma sér saman um og hinn þátturinn er empírísk spurning sem á þessu stigi eru deildar meiningar um og erfitt fyrir þingmannsefni að hafa skoðun á.“

#### **Hvað er viðundandi heilbrigðisþjónusta?**

Heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni hefur þurft að spila massívan varnarleik síðustu ár og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur ekki farið varhluta af því. Í sumar var greint frá því að erfiðlega gekk að greiða reikninga og lækna í verkstöku fengu greitt seint og illa. Gylfi er menntaður heilsuhagfræðingur og í sumar sótti hann um forstjórástöðu Heilbrigðisstofnunarinnar, um-sókn sem hann dró til baka þegar lá fyrir að hann yrði í framboði fyrir Viðreisn. Gylfi segir það verkefni stjórnmalamanna að tryggja að heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni sé viðunandi.

„Fyrsta skrefið er að skilgreina hvað er viðunandi, hvaða þjónustu við ætlum að veita á hverjum stað fyrir sig og á þeim stöðum sem ná ákveðnum íbúafjölda. Það vantar gæðavísu og markmiðasetningu frá pólitíkinni. Núna er þetta þannig að stofnanirnar fá pening og svo eiga þær að gera sitt besta með það fé í stað þess að yfirvöld komi með skýra sýn á hvað þau vilji á hverri stofnun og svo eru fundnar leiðir til að fjármagna þjónustuna.“

Vandi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni er ekki einvörðungu spursmál um meira fé að mati Gylfa heldur hafa einnig orðið miklar breytingar á starfi lækna sem valda því að erfiðara er að manna stöður.

„Með aukinni sérhæfingu lækna er erfiðara að fá þá í almennt læknastörf á landsbyggðinni og ekki hægt að sinna þröngri sérhæfingu. Þetta hefur leitt af sér neikvæðan spirál þar sem ekki næst að manna stöður og stofnanir reknar með afgangi og fjárframlög skert í kjölfarið og það er ekki heilbrigður ferill til að taka ákvarðanir.“

#### **Einkarekstur hentar ekki alls staðar**

– Þið eruð markaðssinnaður flokkur og talið fyrir markaðslausnum í lykilmálum eins og sjávarútvegi og landbúnaði, en hvað með stærsta málaflökkinn, sjálft heilbrigðiskerfið, sjáið þið markaðslausnir í heilbrigðismálum?

„Við teljum að ríkið eigi að halda sinni stöðu sem eini greiðandi heilbrigðisþjónustu, eða öllu heldur langstærsti kaupandi þjónustunnar. Við viljum minnka greiðsluþátttöku sjúklinga í áföngum og við teljum að það eigi að innlima í meiri mæli tannlækningar og sálfræðiþjónustu inn í tryggingakerfið og niðurgreiða með opinberum peningum.“

– Þannig að þið viljið í raun gefa í?

„Algjörlega, en við erum opin fyrir fjölbreyttum rekstrarformum í heilbrigðiskerfinu þar sem það á við en það á alls ekki við



alls staðar. Það eru mörg dæmi um stofnanir sem hafa verið einkareknar og það gengið illa.“

– Hvaða dæmi getur þú tekið af starfsemi þar sem einkarekstur gæti átt við og sömuleiðis þar sem einkaframtakið á ekki við?

„Heilsugæslustöðvar henta ágætlega í einkarekstur og sumar tegundir af sérfræðiþjónustu. Heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni þar sem engir valkostir eru henta síður en heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu. Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta gengur ekki upp í einkarekstri.“

#### **Flokkspólitískir landleysingar**

– Þegar horft er á tilurð Viðreisnar og pólitískan uppruna helsta áhrifafólks flokksins, þá getur maður ekki varist þeirri tilhugsun að þið hafið strokið að heiman úr Valhöll. Benedikt Jóhannesson fer af stað með flokkinn þegar Sjálfstæðisflokkurinn ákveður að aðildarviðræður við ESB fari ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Er Viðreisn klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum?

„Í breiðfylkingu eins og Sjálfstæðisflokkurinn er, þá hafa mjög oft verið litlir hópar sem hafa vilj-

að kljúfa sig frá flokknum vegna hinna ýmsu mála. Það hafa verið hópar sem hafa talið flokkinn of vinstrisinnaðan og viljað stofna hægrisinnaðri flokk og það voru líka hópar innan flokksins sem fannst að hann væri of hallur undir frjálshyggju, þannig að þetta er ekkert nýtt. Það sem gerist núna er að það er nógu stór kjarni af fólki innan úr mörgum flokkum sem deilir skoðunum í lykilmálum sem verður sá krítíski massi sem Viðreisn er. Þetta gerist ekki síður vegna þess að það er vandræðagangur vinstra megin og á miðjunni.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur að hluta til verið að taka íhaldsamari afstöðu í mörgum málum og ekki svarað kalli tímans og beinlínis stutt lausnir sem seint verða kallaðar markaðssinnaðar, eins og til dæmis í landbúnaðar- og fríverslunarmálum. Það er vinsælt að klína því á okkur að við séum klofningur úr Sjálfstæðisflokknum en það segir ekki alla söguna. Viðreisn hefði ekki orðið það sem hún er í dag nema fyrir að það voru margir landlausir í pólitík, ekki bara Sjálfstæðismenn.“

smani@bb.is

# Fiskeldi takmörkuð gæði en ólíkt hefðbundinni auðlindanýtingu



Rögnvaldur Hannesson. Mynd: Arnaldur Halldórsson.

Auðlindarenta getur myndast í laxeldi í sjó, en frekar má líkja sjókvíaelði við búfjárrækt en hefðbundna auðlindanýtingu að því leyti að fiskurinn er fódraður og hafður í girðingu. Fiskeldið er þó mun háðara umhverfisþáttum en búfjárrækt. Þetta segir Rögnvaldur Hannesson, prófessor emiritus í Viðskiptaháskólanum í Bergen. Rögnvaldur er einn nafnkunnasti hagfræðingur Íslendinga á alþjóðavettvangi og hefur helst látið að sér kveða í fiskihagfræði og auðlindahagfræði.

## Takmarkanir geta myndað auðlindarentu

Takmörk eru sett á fjölda sjókvía á einstökum stöðum og ráða þar umhverfisþættir eins og straumar til að fódurúrgangur safnist ekki upp og þéttleiki kvía má ekki vera of mikill til að sporna við hættu á smitsjúkdómum og flutningi á sníkjudýrum eins og laxalúsa milli eldiskvía. Rögnvaldur segir í samtali við BB að með þessum takmörkunum gæti orðið til auðlindarenta, eða staðsetningarrenta sem væri hægt að líkja við hátt verð á lóðum í miðju stórborga.

„Sú auðlindarenta kemur til af því að laxinn vex hraðar við hagstætt hitastig, og kostnaður við að koma í veg fyrir sjúkdóma er minni þar sem straumur er nægur til að koma í veg fyrir mengun og minni hætta er á smiti annars staðar frá. Þessi hagnýting á sameiginlegri umhverfisauðlind – sem er sjórinn – er það sem laxeldið á skylt við fiskveiðar til dæmis, en að öðru leyti er laxeldið mjög ólíkt fiskveiðum. Fóðrið er ekki gefið af náttúrunni, og það er ekki samkeppni um að nýta slíka sameiginlega auðlind,“ segir Rögnvaldur.

## Hægt að skattleggja rentuna

Íslendingar eru sjóaðir í umræðum um auðlindagjald í sjávarútvegi en slík umræða er eðlilega styttra á veg komin í fiskeldi. „Að því leyti sem laxeldið veldur kostnaði fyrir hið opinbera, er sjálfsagt að innheimta gjald sem staðið getur straum af slíkum kostnaði. Eftirlitskostnaður verður ævinlega nokkur vegna þess að laxeldið nýtir að nokkru sameiginlega auðlind, sem er sjórinn, nema þá að sama fyrirtæki hafi á hendi allt laxeldi í sama lífríki,“ segi hann.

Ef laxeldi er staðsett þar sem fyrrnefnd staðsetningarrenta er fyrir hendi segir Rögnvaldur að það sama gildi um hana og alla landrentu. Fræðilega er hægt að leggja á hana skatt án þess að skekkja hvatningar fyrirtækjanna til að festa fé og halda niðri kostnaði, en hvort það sé æskilegt segir Rögnvaldur að megi lengi deila um. „En svo er það, að álagning slíks skatts er ekki alltaf auðveld. Enn fremur er spurningin hvort hið opinbera fari endilega betur með peninga en fyrirtækin gera sjálf.“

## Vandi að verðmeta stangveiði

Laxeldi er ekki óumdeilt og fremstir í flokki andstæðinga atvinnugreinarinnar fara stangveiðimenn og eigendur laxveiðiáa. Aðspurður segir Rögnvaldur að ef laxeldi valdi skaða á laxveiðiám þá ætti að vera hægt meta skaðann í peningum. „Spurningin er hvort laxeldið geti greitt fyrir þann skaða sem það veldur laxveiðinni. Ef laxeldið er algerlega ósamrýmanlegt laxveiðinni, hvort er þá meira virði í heild sinni, laxeldið eða laxveiðin,“ spyr Rögnvaldur.

Vandinn í þessu mati er einkum fölginn í mati á laxveiðinni. „Þetta er frístundagaman, og það

sem fólk borgar fyrir þetta er að öllum líkindum minna en það væri tilbúið til að borga, þannig að sá kostnaður sem fólk leggur í til að stunda laxveiði væri vanmat á því hvað fólk telur laxveiði mikils virði. En það er mjög erfitt að meta hvað fólk er reiðubúið til að greiða fyrir gæði eins og laxveiði. Ef fólk er spurt beint og það veit að það þarf ekki að greiða það sem það segir sig viljuga til að greiða og veit þar að auki að svarið kann að hafa þýðingu fyrir framtíð laxveiðanna, þá ykir fólk að sjálfsögðu hvað það er reiðubúið til að greiða. Við mundum þá lenda í því að bera saman verðmæti sem ekki eru til annars staðar en í myndun fólks og raunveruleg verðmæti sem snúast um atvinnutækifæri í laxeldi og matvælaframleiðslu.

## Hófllegt gjald og tímabundin leyfi

Í Noregi er laxeldi stóriðnaður og regluverk hins opinbera mun þróaðra en á Íslandi. Það gjald sem fyrirtæki greiða fyrir laxeldisleyfi á Íslandi er mála-myndagjald samborið við verð á leyfum í Noregi. Rögnvaldur segir að til að byrja með hafi ekki verið tekið gjald af laxeldisleyfum í Noregi, en það hefur breyst.

„Í fréttatilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu árið 2013 var sagt frá 45 nýjum leyfum sem ætlunin var að úthluta. Fyrir 30 af þessum leyfum átti að taka gjald upp á 10 milljónir norskra króna fyrir hvert. Lýsa átti eftir tilboðum í 15 leyfi. Í fréttatilkynningunni var þess getið að viðkomandi sveitarfélag ætti að fá hluta af þessu gjaldi, en ekki var þess getið hve mikið. Ég hef ekki fylgst með því hvernig þessi mál hafa þróast síðan,“ segir hann.

Norsku leyfin miðast við hámarkslífmassa hvers leyfis og lífmassinn er á bilinu 780–945 tonn, eftir því hvar í Noregi leyfin eru staðsett og leyfilegur lífmassi er mestur í Tromsfylki og Finnmark.

Rögnvaldur segir að Íslendingar geti farið svipaða leið og Norðmenn en getur þess að laxeldisleyfin séu væntanlega minna virði á Íslandi vegna landfræðilegra aðstæðna, Ísland sé líklega á jafri þess svæðis sem laxeldi er mögulegt og sjávarhiti lægri en víðast hvar í Noregi.

„Það kæmi til greina að leita eftir tilboðum í laxeldisaðstöðu á Íslandi, en spurningin er hvað fyrirtækin væru reiðubúin til

að greiða og hvort það sé nóg samkeppni milli þeirra um slíka aðstöðu á Íslandi. Þar sem þetta er allt í deigluinni, væri líklega ráðlegast að byrja með hófllegt gjald og sjá hverju fram vindur og leigja ekki út aðstöðu til mjög langs tíma. Hve langs er erfitt að segja, kannski 10–15 ára; það ætti að vera nógu langur tími til að fyrirtækin fái eðlilegan hagnað af fjárfestingum.

## Ólíkt kvótakerfinu

Kvótakerfið í sjávarútvegi hefur verið stanslaus uppspretta deilna á Íslandi í áratugi. Aðspurður hvort laxeldi geti í fyllingu tímans valdið sömu eða svipuðum deilum og kvótakerfið, segir Rögnvaldur hugsanlegt að starfsemin verði umdeild. „Ef laxeldi verður stór og mjög arðbær atvinnugrein á Íslandi og í höndum útlendra fyrirtækja sem hafa aðstöðu til langs tíma og fara með hagnaðinn út úr landinu, má vel ímynda sér að þessi starfsemi

verði umdeild og hugsanlega þjóðnýtt í einu eða öðru formi. Norðmenn misstu bæði hvalstöðvar og síldarsöltun á Íslandi upp úr fyrstu heimsstyrjöld vegna þjóðernisstefnu á Íslandi.“

Hans mat er að deilurnar yrðu þó ólíkar átökunum um kvótakerfið. „Það eru íslensk fyrirtæki sem eiga kvótana og stunda fiskveiðar á grundvelli þeirra. Deilurnar eiga upptök sín í því að fiskurinn hefur verið sameiginleg auðlind, og mörgum gengur illa að skilja að það þurfi að takmarka aðganginn að henni ef vel á að fara, og eins ef að þjóðin á að bera eins mikið úr bitum úr þessari auðlind og hægt er þá verður að takmarka aðganginn við þá sem geta gert úr henni mest verðmæti. En svo vantar líka alvöru auðlindagjald sem gæti dreift þessum hagnaði til þjóðarinnar, enda þótt það megi halda því fram að þjóðin fái góðan hlut í þessu án milligöngu ríkissjóðs.“



Peir sem voru í efstu þremur sætum mótsins: Stefán Haukur Ólafsson, Reynir Pétursson og Finnur Magnússon

## Tannsar á Torfnesi sigruðu púttið

Góð þátttaka var í árlegu fyrirtækjamóti í pútti hjá Kubba, íþróttafélagi eldri borgara í Ísafjarðarbæ, fór fram á þriðjudag. 16 fyrirtæki tóku þátt og voru liðsmenn bæði félagar úr Kubba sem og starfsmenn fyrirtækjanna og hefur mótið verið ein aðal fjáröflun félagsins undanfarin sjö ár.

Sigurvegari mótsins í ár var Reynir Pétursson sem keppti fyrir Tannsa á Torfnesi, í öðru sæti var Stefán Haukur Ólafsson sem keppti fyrir Klofning á Suðureyri og í þriðja sæti Finnur Magnússon, sem keppti fyrir hönd Hraðfrystihússins Gunnvarar.

annska@bb.is



# GÍSLA SAGA SÚRSSONAR

Gísla saga Súrssonar er ein vinsælasta Íslendingasagan. Hún hefur verið mörgum hjartfólgin og þá ekki síður listamönnum sem hafa viljað fanga söguna og túlka í list. Mest sýnda leikrit Vestfjarða er einmitt leikritið Gísla Súrsson. Og nú hafa þeir kollegar Elfar Logi Hannesson og Ómar Smári Kristinsson sett í sameiginlegan súr. Útkoman er teiknimyndasaga byggð á Gísla sögu. Sagan verður fyrst birt hér í Bæjarins besta en í framtíðinni er stefnt að því að gefa söguna alla út á bók. Gísla saga í Bæjarins besta verður framhaldssaga og mun birtast mánaðarlega í eitt ár samanlagt.



Eftir þetta er Gísla aldrei nefndur annað en Gísla Súrsson.



Gísla og faðir hans síðkvæ eldana með súr.



SÚRNADALUR Í NOREGI 950


Allt í friði og spekt hjá fjölskyldunni á Stokkum.



Það endar oft bara á einn veg.



Stundum er ekki gott þegar piltur fíflar stúku.




Eigi er lengur fríðsætt í Súrnatál.



Drepa Súrssynir þá alla.



NÍÐ VÍÐI



Er þeim nú ekki lengur vært í Noregi.



## Sportið í beinni...

### fimmtudagur 29. september

16:55 HB Sheva - Southampton  
 19:00 Athl Bilbao - Rpd Wien  
 19:00 Man Utd - Z Luhansk  
 19:00 Dk - Maccabi Tel-Aviv  
 21:00 Ryder Cup setning

### föstudagur 30. september

12:30 Ryder Cup  
 18:30 Leipzig - Augsburg  
 18:50 Everton - Crystal Palace  
 20:00 Pepsímörk kvenna  
 21:00 Körfuboltakvöld

### laugardagur 1. október

08:50 F1: Tímataka - Malasía  
 11:20 Swansea C - Liverpool  
 12:30 Ryder Cup  
 13:30 KR - Fylkir  
 13:50 Stjarnan - Víkingur Ó.  
 13:50 Hull City - Chelsea  
 13:50 Breiðablik - Fjölnir  
 13:50 FH - ÍBV

13:50 Sunderland - WB Albion  
 13:50 Watford - Bournemouth  
 13:50 W Ham Utd - Middlesbr  
 16:25 Wolverhampton - Norwich

16:25 B Leverk - B Dortmund  
 17:00 Pepsímörkin

### sunnudagur 2. október

05:55 F1: Æfing - Malasía  
 06:30 F1: Keppni - Malasía  
 10:50 Man United - Stoke City  
 13:30 J Jaguars - Indianap Colts  
 13:05 Tott Hotspur - Man City  
 14:10 Real Madrid - Eibar  
 15:20 Burnley - Arsenal  
 16:00 Ryder Cup

16:40 Leicester C - Southampton  
 18:40 Celta - Barcelona  
 20:20 SD Chargers - NO Saints  
 22:00 Reignwood LPGA

### mánudagur 3. október

20:00 Reignwood LPGA  
 21:00 Messan

## Dagar Íslands

### 2. október 1992:

Vígð var 120 metra löng brú yfir Dýrafjörð. Við það styttist leiðin á milli Þingeyrar og Ísa-fjarðar um 13 kílómetra.

## Helgarveðrið

### Á föstudag:

Norðlæg átt 3-8, víða skýjað með köflum eða bjartviðri en stöku skúrir eða slydduél með norðurströndinni og dálítill rigning suðaustantil síðdegis.

Hiti breytist lítið.

### Á laugardag:

Austlæg átt og skýjað NA-lands, en annars rigning með köflum. Hiti 2 til 7 stig, mildast sunnantil.

### Á sunnudag:

Vaxandi suðaustanátt og fer að rigna sunnantil en lengst af bjartviðri um landið norðanvert. Hiti 3 til 9 stig.



				SKART- KLÆÐI	ÓRÓI	SVÍFA		BLUND	KK NAFN	SMÆRRI
				BLÓM						
				ÞYRPIG			SPREI			
							MÓTMÆLI			
				RÓÐRAR- MAÐUR						
				MÁLMUR				ÓNEFNDUR		
								ÆSINGUR		
	↓	VESELL	SAMTÖK	TVEIR EINS		RUSTI				
				HALLANDI		HLJÓÐFÆRI				
HLJÓÐ- FÆRI					RÖÐULL				UMSJÓN	ÞEFA
					LAND- SPILDA					
RÍKI Í SV-ASÍU				UPP- VAKNING						
				SNAP						
Í RÖÐ			VIÐBÓT				ERGJA			
			KOSNING				FÆRNI			
UMFRAM				ÁGÆTIS				TVEIR EINS		
				ÓSKIPU- LAG				ÓFOR- SJÁLNI		
STEINAR					SNÚA HEYI					
					FUGL					
		ÓSKIPTU				BERJA				MORKNA
		SÆLGÆTI				HYGGST				
ERLENDIS				PASSA					KAST	
				AKUR						
ELDSNEYTI			GÁ				SÍÐAN			
			STEFNA				MJAKA			
FORSÖGN				ÓVILD				STRIT		
				KRINGUM				TVÍHLJÓÐI		
DUGLAUS						ÁVÖXTUR				
SJÚKDÓM						GORTA				

**ENDURSKOÐUN** Sími í Bolungarvík 450 7900  
 Sími á Ísafirði 450-7910  
 VESTFJARÐA ehf  
 Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og  
 upplýsingar um  
 réttindi og kjör  
 á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



# Ráðast í endurbætur á Guðmundarbúð

			SÓPUR	SLANGA	SITJANDI	ÓNEFNDUR		VIDUR	HINDRUN
	Hljóð- færi	K	O	R	N	E	T	T	
	Málmur	Ú	R	A	N		SLÁ REIKA	R	Á
	Skilabod	S	M	S		MASKINA VERSLAB	V	É	L
	Rýja skynfæri	T	U	S	K	A	TVEIR EINS	M	
	↓	SLEIJA	EYRIR Í RÖÐ	A	U	R	HÆRRI HLEYPIR	E	F
MJÓLKUR- AFURD	O	S	T	U	R	LYGN ELEKTRONA	K	Y	R
SVIF	F	L	U	G	MÁLEÐI BANN- HELGI	R	Æ	P	A
ÁTT	N	A	FÍFLAST AUSTUR- ÁLFA	A	T	A	S	T	SVÖRD SKADDAST
ORGA	Æ	P	A	ÁI	A	F	I	TÖF ATHYGLI	B
RAUS	M	A	S	KLETTUR- INN ÁRÍÐANDI	B	E	R	G	I
	I	HEIMA- MABUR FEGRA	Í	B	Ú	I	SKOÐUN VILLTUR	Á	L
NAUMUR	S	P	A	R	TÖNN LÁÐ	N	Ó	T	A
FYRIR HÖND	P	R	ROTUN STÍGANDI	Ý	L	D	A	ANGAN	GAT ER
MINNKA	R	Ý	R	N	A	RÁK	R	I	S
GOÐ	Ó	Ð	I	N	N	SPAUG	G	L	E
VIÐMÓT	F	A	S	SKRALLA	D	J	A	M	M

## Sudoku prautilir

		6		7	4		3	
3	5							8
		8	2		5			
9	6	4	3	5				
		5				6		
7			6				9	3
		7	5			4		9
6	4	3	9					
		2	9				1	6

								5
			7			2		4
4	2	8	3				1	7
2			9		8	6	5	3
5		1		4		8		9
9	8		5					2
8	9		4			7	2	
	1			9	7	5		8
3	7	2		5	1			

Til stendur að ráðast í miklar framkvæmdir í Guðmundarbúð, húsnæði Björgunarfélags Ísafjarðar og slysavarnardeildarinnar Íðunnar á Ísafirði. Húsnæðið er búið að vera starfsstöð félaganna frá því árið 2002 og hefur allar götur síðan verið hrátt, en nú stendur til að breyta því svo úr því verði góður íveru- og vinnustaður fyrir félagsmenn. Einnig á að bæta aðgengismál að salnum sem er á annarri hæð hússins við Sindragötu 6 á Ísafirði og setja upp lyftu. Setja á gólfefni á sal og eldhús, laga vegg og hurðir og annað smálegt. Undirbúningur er hafinn og verður öll vinna við verkið í sjálfboðavinnu en efniskostnaður er 6.5 milljón króna og er þar langstærsti pósturinn lyftan, sem kostar 3,5 milljón.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi starfssemi þessara félaga fyrir svæðið og íbúa þess og er nú leitað að fjármagni til að standa straum af endurbótunum. Félagsmenn eru þessa dagana að fara í fyrirtæki á svæðinu í leit að stuðningi og eru fjárfrahlög frá einstaklingum einnig vel þegin. Má leggja verkefninu lið með því að því að leggja til fé inn á reikninga félaganna sem eru:

Slysavarnardeildin Íðunn: Kt. 450190-1529, banki: 0556-15-20246

Björgunarfélag Ísafjarðar: Kt. 441198-2059, banki: 0156-26-4411 [annska@bb.is](mailto:annska@bb.is)

## smáar

3. herb. íbúð til leigu, á neðri hæð í Miðtúni. Er laus og verður sýnd á föstudag. Nánari upplýsingar í s. 8683110 / tonleikur@simnet.is

PRENTUM  
ALLT MILLI  
HIMINS  
↑  
OG  
↓  
JARÐAR



Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is





**Íslenska Þjóðfylkingin** býður fram í öllum kjördæmum í komandi alþingiskostningum. Við leitum eftir stuðningsfólki og fólki sem vill gefa kost á sér á framboðslista.

Jens G. Jensson gsm: 659-3593  
[jens.g.thjodyfkyking@gmail.com](mailto:jens.g.thjodyfkyking@gmail.com)


### Fiskveiðistefna (stytt útgáfa)

- Núverandi Fiskveiðiaudlind og framtíðarviðaukar. Verði ævarandi sameign Íslensku þjóðarinnar, fest í stjórnarskrá.
- Sett verði lög um fiskmarkaði, sem gæta jafnræðis milli kaupenda og seljenda, við fyrstu sölu sjávarafra. Allur afli veiddur úr Íslenskri lögsögu verði boðinn þar til sölu, og seldur hæstbjóðanda.
- Strandveiðar smábáta verði gefnar frjálssar allan ársins hring. Gjaldgengir til að stunda slíkar veiðar, eru allir sem eru búsettir á Íslandi, hafa Íslenska kennitölu og réttindi til að stunda sjómennsku. Þáttakendur í strandveiðum, verða að hafa strandveiðar að aðalatvinnu og útgerðin rekin á eigin bát og eigin kennitölu. Hver þáttakandi getur aðeins rekið einn bát og eigandinn/útgerðarmaðurinn verður að stunda veiðarnar sjálfur. Tveir útgerðarmenn geta sameinast um einn bát, og deila þá tekjum og kostnaði hvor á sína kennitölu.
- Fiskveiðiflotinn sem stundar kvótastýrðar veiðar á bolfiski, verði færður frá aflamarksstýringu yfir í sóknarmarksstýringu.
- Heildarafli verði aukinn verulega, a.m.k. sem svarar afli frá strandveiðum og a.m.k 10% aukningu sem viðbót fyrir aflamarksskip sem færast yfir á sóknarmark.
- Sanngjarnt audlindagjald til ríkissjóðs og sveitarfélaga, verði lagt á allan afli sem seldur er og innheimtist af fiskmarkaði

## Þjónustuauglýsingar



HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálfbær nipting sjávarauðlinda



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

**100% SAFI**

**SÉRSKORIÐ  
LAMBALÆRI**



**98**  
kr. stk.

Mars, Snickers,  
Bounty eða Twix



**98**

kr. 330 ml

Floridaða safar  
330 ml, 3 tegundir



**1.398**  
kr. kg

Íslandslamb Lambalæri  
Ferskt, kryddað, sérskorið

**GOTT VERÐ Í BÓNUS**



**NÝBAKAÐ!**

**179**  
kr. stk.

Baguette  
ca. 245g

**LÁGT  
VERÐ  
ALLA DAGA**

**100%**  
Íslenskt  
ungnautakjöt



**1.698**  
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk  
Ferskt



**69**  
kr. 400 g

Tómatar  
400 g, 2 tegundir



**2**  
brauð í  
pakka

**159**  
kr. pk.

Hvítlauksbrauð  
2 stk. í pakka



**498**  
kr. 200 g

Grana Padano  
Ítalskur ostur, 200 g



**398**  
kr. 100 g

Ítölsk Purrskinka  
100 g



**69**  
kr. 400 g

Kjúklingabaunir  
400 g

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **2. október** eða meðan birgðir endast